

Nr. 28  
22. nóv.

# Lög

um

löggilding verslunarstaðar við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg 22. nóvember 1918.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*